Nýir flokkar -
nýjar kennslugreinar
Byrjendaflokkar i: spænsku, itölsku, frönsku, ensku og þýsku.
Nýir flokkar i: barnafatasaum, kjólasaum, sniðum, myndvefnaði og postulinsmálningu.
Nýjar greinar: Leikræn tjáning (dramik), pianóleikur, þjóðfélagsfræði, skattafram-tal.

Innritun 10. og 11. jan. kl. 19. til 22 i Miðbæjarskóla.

Sigfús sýnir á Kjarvals-stöðum
JG-Rvk — Sigfús Halldórsson,
tónskáld og málari hefur opnað
sýningu að Kjarvalsstöðum, en
Sigfús hefur haldib fjölda mál-
verkasýninga á liðnum árum.
Siðast sýndi hann málverk i
Reykjavik árið 1970 i Casa
Nova.

A sýningu Sigfúsar Halldórs-
sonar ab Kjarvalsstöbum verba
137 verk. Það eru oliumálverk,
vatnslitamyndir, pastelmyndir,
oliukritarmyndir, teikningar og
fl.

Myndir Sigfúsar á sýningunni
eru málaðar á árunum 1975-1976
og eru mótivin viðs vegar frá af
landinu, austan frá Núpsstað og
vestur um og norður. Lands-

lagsmyndir og umhverfislýs-
ingar. Þá eru myndir frá Eng-
landi, gerðar á skólaárum lista-
mannsins.

Ennfremur sýnir Sigfús Hall-
dórsson leiktjöld, sem hann hef-
ur gert viö óperur.
Sýning Sigfúsar Halldórsson-
ar verður opin á venjulegum
safntimum og henni lýkur 16.
janiiar.
Það vekur athygli ab hljóðfæri
hefur verið komið fyrir á
Kjarvalsstöðum og inntum við
Sigfus eftir þvi hvort von væri á
tónlistarlegri uppákomu.
Kvaðst hann ekki vilja gera of
mikib úr þvi. —- Segbu heldur ab
pianóið sé bara mynd af mér, en
auðvitað verður að vera tónlist
lika.

Operu-söngvar
ar halda tónleika
Sigriður Ella Magnúsdóttir óp-
erusöngkona og Simon Vaughan
óperusöngvari frá Bretlandi
halda tónleika i Austurbæjarbiói
laugardag. Undirleikari er
Ólafur Vignir Albertsson pianó-
leikari.
Á efnisskránni eru bæði ein-
söngslög og dúettar, kunn þýzk
þjóðlög, óperudúettar og lög m.a.
frá Frakklandi, ítaliu og Islandi.
Miðar eru seldir i bókaverzlun
Sigfúsar Eymundssonar og i
Austurbæjarbiói við innganginn.
Sigriður Ella hefur sungið viða
hér heima á Islandi og einnig viða
i Evrópu, en hún er um þessar
mundir búsett i London. S.l. vetur
söng hún, sem kunnugt er, hlut-
verk Carmen i samnefndri óperu i
Þjóbleikhusinu á alls 50 sýning-
um. Sigrlður Ella er hér heima i
stuttu leyfi, en i mánabarlokin
heldur hún i söngferð til Banda-
ríkjanna og Kanada.
Simon Vaughan hefur sungið
bæði i útvarp og sjónvarp á ís-
landi og einnig lék hann hlutverk
nautabanans i nokkrum syning-
um á Carmen i Þjóbleikhúsinu s.l.
ár Simon starfar sem söngvari i
London og m.a. mun hann á næst-
unni syngja i tveimur óperum i
London, Schubert-óperunni Alf-
onso og Estrella og hlutverk
Papageno i Töfraflautunni, en
hún verður flutt i nýja Beck-leik-
húsinu I London. Þá er Simon
einnig að búa sig undir nokkra
tónleika á tónlistarhátlb I London
I april.
A efnisskrá þeirra Sigríðar Ellu
og Simons i Austurbæjarbíói eru
24 lög.

Rósa

Hjörvar
látin
Rósa Daðadóttir Hjörvar, ekkja
Helga Hjörvars, er látin. Hún var
bóndadóttir úr Dölum, fædd 14.
marz 1892.

Rósa giftist Helga Hjörvar áriö
1917, er hann var kennari I barna-
skóla Reykvikinga.